



Framkvæmda- fréttir

34. tbl. /03



Vegurinn í Almannaskarði liggur nú um skriðu með um 16% halla sem er mesti bratti á Hringveginum.

Jarðgöng undir Almannaskarð

Í þessu blaði er auglýst útboð jarðganga og vegkafla á Hringvegi (1) undir Almannaskarð, skammt austan við Höfn í Hornafirði. Jarðgöngin verða 1.146 m löng í bergi og vegskálar samtals um 162 m. Endurbýgging og nýlagning vegar er um 4,1 km.

Jarðgöngin verða tvíbreið, 8 m í þvermál og þversnið ganganna eins og fyrir Fáskrúðsfjarðargöng. Vegurinn inni í göngunum verður 6,5 m breiður með 6,3 m breiðu slitlagi. Lega gangaleiðarinnar ræðst aðallega af landfræðilegum þáttum. Göngin liggja í tæplega 700 m bogra undir Almannaskarði.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð 03-064

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð jarðganga undir Almannaskarð ásamt vegskálum og vegagerð á Hringvegi báðum megin ganganna. Jarðgöngin verða 1.146 m löng, steinsteypptir vegskálar 162 m og vegagerð um 4,1 km. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magnbólur eru:

Fyllingarefni úr skeringum og námum	200.000 m ³
Stálröraræsi	380 m
Neðra burðarlag	36.000 m ³
Bergskeringar	20.000 m ³
Efra burðarlag	8.000 m ³
Klæðing	32.000 m ²
Malbik	18.000 m ²
Gröfur í göngum	63.000 m ³
Bergboltar	2.500 stk.
Sprautusteypa	2.000 m ³
Röralagnir	4.500 m
Mót vegskála	6.500 m ²
Járnalögn í vegskála	160.000 kg
Steypa vegskála	1.300 m ³
Strengstigar	1.400 m
Strengir	12.000 m
Lampar	137 stk.

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánuðeginum 8. desember 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. janúar 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Verkkaupi mun standa fyrir vettvangsskoðun. Hún fer fram fimmtudaginn 8. janúar 2004 og hefst kl. 09:30 á Hornafjarðarflugvelli. Gert er ráð fyrir að henni ljúki upp úr hádegi sama dag. Verkkaupi mun sjá um flutning frá flugvellinginum á framkvæmdasvæði við Almannaskarð og til baka aftur. Þjóðendur sem óska þátttöku í vettvangsskoðun skulu gera tengilið verkkaupa á útboðstíma viðvart með minnst 7 daga fyrirvara.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 34. tbl. 11. árg. nr. 356 8. des. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**


Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

**Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7**

105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




Hápunktur ganganna er nærri nyrðri munna þeirra og er mesti langhalli 4,7% til suðurs. Göngin verða grafin og styrkt með hefðbundnum aðferðum. Reiknað er með að jarðgangagerðin taki um 8 mánuði frá upphafi sprengivinnu. Þá tekur við vinna við lokastyrkingar bergsins, uppsetningu vatnsvarna, frárennsliskerfi, uppbyggingu vegar, lýsingu, loftræsibúnað, merkingar og fleiri atriði.

Heildar verktími er áætlaður 1 ár og er heildarkostnaður við framkvæmdina áætlaður ríflega milljarður króna þegar allt er talið. Áætlað er að um 82.000 m³ af sprengdu bergi muni falla til við jarðgangagerðina og verður það notað í fyllingar við vegagerðina. Mesta fylling er nálægt gangamunna að sunnan Hafnarmegin, allt að 13 m há. Vegurinn sem tengja mun jarðgöngin við núverandi vegakerfi verður af vegflokki C1, 7,5 m breiður með 7,3 m breiðu slitlagi. Hönnunarhraði vegar er 90 km/klst. en hámarkshraði verður 70 km/klst. í göngum.

Jarðgöngin munu leysa af hólmi núverandi veg sem liggur að norðan með aflíðandi 5% halla upp Skarðsdal upp í 153 m y.s. en að sunnan, í Almanskard, um brattar skriður með um 16% halla sem er mesti bratti á Hringveginum. Vegurinn er farartálmi vegna grjóthruns og á veturna er leiðin oft erfð vegna hálfu og snjóá, sérstaklega fyrir stóra bíla. Á Hringvegi austan Hafnarvegur var umferð árið 2002 áætluð eftirfarandi: ársdagsumferð (ÁDU) 340 bílar á sólarhring, sumardagsumferð (SDU) 540 bíll á sólarhring og vetrardagsumferð (VDU) 200 bílar á sólarhring. Meðalhluftfall þungra bifreiða er um 10%.

Áningastaðurinn í Almanskard er einn vinsælasti áningastaður á Hringvegi, enda útsýni frá honum sérlega skemmtilegt. Eftir að framkvæmdum lýkur er gert ráð fyrir aðkomu að áningastaðnum neðan við gangamunna í Skarðsdal að norðan.

Jarðgöng undir Almanskard voru borin saman við þann valkost að minnka bratta vegarinn með því að lengja skeringu hans til vesturs í skriðunni undir Skálatindum að Friðsæld. Sá kostur hefði valdið afar áberandi ummerkjum í landslagi og þótti því slæmur. Ennfremur hefði hætta á grjóthruni og snjóflóðum verið áfram til staðar og í heild er umferðaröryggi mun meira á jarðgangaleiðinni.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	04
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	04
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	04
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	03
03-098 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-064 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	01.12.03	23.12.03
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	01.12.03	16.12.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	17.11.03	02.12.03
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur	27.10.03	11.11.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	20.10.03	04.11.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03	04.11.03

Niðurstöður útboða

Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði

03-093

Tilboð opnuð 2. desember 2003. Vesturlandsumdæmi.


Nýlögð á Grundartangavegi (506) frá Hringvegi að hafnarsvæði Grundartangahafnar. Lengd kafla er 2,6 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	13.400 m ³
þar af bergskeringar	2.500 m ³
Ræsalögn	336 m ²
Fyllingar	31.800 m ³
Neðra burðarlag	25.000 m ³
Efra burðarlag	5.000 m ³
Klæðing	16.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
18 Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar og Vélaleigan Klakkur, Akranesi	72.405.800	148,3	33.919
17 Loftorka Reykjavík ehf.	65.032.000	133,2	26.545
16 JVJ ehf., Hafnarfirði	59.642.500	122,2	21.155
15 Vélaleiga Böðvars ehf., Garðabæ	57.555.500	117,9	19.068
14 Árni Pálsson, Hellu	50.273.200	103,0	11.786
13 Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	49.505.000	101,4	11.018
12 Afrek ehf. og E.T. ehf., Reykjavík	49.206.200	100,8	10.719
--- Áætlaður verktakakostnaður	48.820.548	100,0	10.333
10-11 Háfell ehf., Reykjavík	48.000.000	98,3	9.513
10-11 Jörvi ehf., Hvanneyri	48.000.000	98,3	9.513
9 Borgarverk ehf., Borgarnesi	45.751.000	93,7	7.264
8 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	45.311.500	92,8	6.824
7 Nesey ehf., Skeiða- og Gnúpverjahreppi	44.948.000	92,1	6.461
6 Jarðvélar ehf., Kópavogi	44.594.000	91,3	6.107
5 Skagaverk ehf., Akranesi	43.825.800	89,8	5.339
4 Vörubílstjórúðfélagið Mjöllnir, Selfossi	40.640.000	83,2	2.153
3 Skóflan hf., Akranesi	39.950.000	81,8	1.463
2 Þróttur ehf., Skilmannahreppi	39.765.000	81,5	1.278
1 Jöfnun ehf., Selfossi	38.487.300	78,8	0



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 1. desember 2003. Samtals er búið að sprengja 2.097 m sem gerir 36,8%.